



Forsætisnefnd

Reykjavík, 28. ágúst 2024
MSS24080092

Reglum um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að forsætisnefnd staðfesti hjálögð drög að reglum um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllt,

Tinna Garðarsdóttir
Formaður viðburðastjórnar

Hjálagt:
Reglur um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar, drög

Reglur um notkun fána við stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar

1. gr.

Stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar

Stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar eru Höfðatorg við Borgartún 8-16a, Höfði, Ráðhús Reykjavíkur og Tjarnargata 12.

2. gr.

Viðburðarstjórn Ráðhúss Reykjavíkur

Viðburðarstjórn Ráðhúss Reykjavíkur tekur fyrir og afgreiðir beiðnir um flöggun við stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar og leitar eftir atvikum til borgarstjóra og borgarráðs við ákvörðunartöku.

3. gr. Þegar flagga skal í hálfu stöng á það eingöngu við um þjóðfána Íslands. Við slík tilefni skal engum öðrum fánum flaggað við stjórnsýsluhús Reykjavíkurborgar. Fáni Reykjavíkurborgar skal vera lengst til vinstri í röð fána sveitarfélaga. Öðrum fánum sveitarfélaga skal raðað í stafrófsröð frá vinstri til hægri við hlið hans.

4. gr.

Höfðatorg

Við norðurhlið Höfðatorgs eru fimm fánastangir. Þar skal þjóðfána Íslands flaggað á endastöng í austri og fána Reykjavíkurborgar á endastöng í vestri, alla fánadaga samkvæmt forsetaúrskurði nr. 5 frá 1991.

Aðra daga þegar þjónustuver Reykjavíkurborgar á Höfðatorgi er opið almenningi skal fána Reykjavíkurborgar flaggað á endastöng í austri.

Viðburðarstjórn getur heimilað nýtingu fánastanganna til að sýna samstöðu með málefnum tengdum mannréttindabaráttu og jafnrétti.

5. gr.

Höfði

Við norðaustur horn Höfða er mastur fyrir stærri fána. Þar skal flagga þjóðfána Íslands við opinberar móttökur.

Við suðurhlið Höfða eru níu fánastangir. Þar skal þjóðfána Íslands flaggað á endastöng í vestri og fána Reykjavíkurborgar á endastöng í austri, alla fánadaga samkvæmt forsetaúrskurði nr. 5 frá 1991

Við opinberar móttökur skal flagga þjóðfána Íslands, fána Reykjavíkurborgar, öðrum þjóðfánum eða öðrum fánum eftir því sem við á í hverju tilfalli. Ef flagga á átta eða níu þjóðfánum skal fáni Reykjavíkurborgar víkja.

6. gr.

Ráðhús Reykjavíkur

Við suðaustur horn Ráðhúss Reykjavíkur eru tvær fánastangir. Þar skal flagga þjóðfána Íslands og fána Reykjavíkurborgar flaggað þá daga sem Ráðhús Reykjavíkurborgar er opið almenningi, hýsir opinberar athafnir og/eða fundir borgarstjórnar fara fram.

Viðburðarstjórn getur ákveðið að fáni Reykjavíkurborgar víkifyrir öðrum þjóðfána gerist þess þörf.

Við norðvestur horn Ráðhúss Reykjavíkur eru tvær fánastangir þar sem flagga skal tveimur fánum Reykjavíkurborgar en þjóðfána og Reykjavíkurborgarfána á fánadögum samkvæmt forsetaúrskurði nr. 5 frá 1991

Við suðvestur horn Ráðhúss Reykjavíkur eru tvær fánastangir og við austurhlið Ráðhúss Reykjavíkur eru níu fánastangir hjá göngubrú. Þar er heimilt að flagga þjóðfánunum, fána Reykjavíkurborgar eða fánunum er varða málefni og viðburði tengdum Reykjavíkurborg. Viðburðarstjórn getur heimilað nýtingu fánastanganna til að sýna samstöðu með málefnum tengdum mannréttindabaráttu og jafnrétti.

7. gr.

Framkvæmd

Stjóðjast skal við leiðbeiningar Forsætisráðuneytis um notkun fánans til skýringar og úrlausn vafaatriða sem lög nr. 34/1944 um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, með áorðnum breytingum, taka ekki til.

Samþykkt á fundi forsætisnefndar XX.XX.2024